

Viðmiðunaráætlun í íslensku fyrir 2. bekk 2011-2012

Tímabil: 23. ágúst – 4. júní

2. bekkur, 6 kennslustundir á viku

Kennarar: Gróa Svanbergsdóttir 2. GS og Lovísa Sveinsdóttir 2.LS

Markmið

Markmið í íslensku eru í samræmi við *Aðalnámskrá grunnskóla*.

Talað mál og hlustun

Nemandi á að

- hafa skýran og áheyrilegan framburð
- hafa lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- geta endursagt ýmiss konar texta eða frásagnir
- vera fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu
- geta sagt frá eftirminnilegum atburðum
- hafa tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum
- geta fylgt fyrirmælum
- hafa hlustað á upplestur, sögur, leikrit og ljóð

Lestur og bókmenntir

Nemandi á að

- geta lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði
- geta valið sér bækur eftir áhugasviði og lesið sögur og ljóð sér til ánægju
- þekkja hugtökin söguþráð, sögupersónur og boðskap
- kunna nokkur ljóð og hafa flutt þau fyrir aðra

Ritun

Nemandi á að

- geta skrifað skýrt og læsilega
- þekkja einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum.
- vera fær um að endursegja og skrifa eftir frásögn og upplestri
- hafa tjáð hugmyndir sínar og reynslu
- hafa skoðað og skrifað margvíslega texta, svo sem frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð og sendibréf

Málfræði

Nemandi á að

- hafa öðlast jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það og nota tungumálið á margvíslegan hátt
- geta raðað í stafrófsröð
- þekkja helstu einingar tungumálsins, bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- þekkja mun á sérhljóðum og samhljóðum
- hafa kynnst mismunandi hlutverkum nafnorða, lýsingarorða.
- þekkja mun samnafna og sérnafna
- þekkja hugtökin samheiti og andheiti

Inntak

Leggjum mikla áherslu á lestrarþjálfun og læsi, ritun, skrift og að auka orðaforða.

Málfræði: Leggjum áherslu á hugtökin bókstafur, orð, setning, málsgrein. Lærum um sérhljóða, samhljóða, sérnöfn, samnöfn, samheiti, andheiti, eintölu, fleirtölu, tvöfaldan samhljóða, rím o.fl.

Unnið verður út frá Byrjendalæsi þar sem tekið er mið af kenningum um samvirkar aðferðir, þ.e. samþættar eindar- og heildaraðferðir. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að lesa út frá merkingabærum textum þar sem jöfnum höndum verður lögð áhersla á talmál og reynslu barnanna og textavinnu, samband stafs og hljóðs, sundurgreinandi og samtengjandi aðferðir. Jafnframt verður lögð áhersla á aukinn orðaforða, lesskilning og ritun. Móðurmálsnám verði heilstætt sem þýðir að öll vinna tengd lestri og ritun er felld að aðferðinni Byrjendalæsi. Unnið verður með lestur, hugtök, lesskilning, orðaforða, hljóðvitund, rétritun, skrift og sköpun.

Námsefni

Unnið verður með ýmislegt efni, s.s. bækurnar *Ritrún 1*, *Ritrún 2* og *Ritrún 3* og fjölrítað efni. Mið tekið af þroska hvers og eins í kennslu einstakra þátta.

Kennsluaðferðir og skipulag

Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir til þess að auka gæði námsins, s.s. útlistunarkennslu, byrjendalæsi, hópavinnu, þjálfunaræfingar, námsleikir, námsspil, tjáning, þjálfunarforrit o.fl.

Aðalkennsluaðferðin sem notuð verður er samkvæmt aðferðinni Byrjendalæsi þar sem unnið er í þremur þrepum (fösum).

Fasi 1. inntak texta.

Fasi 2. Tæknilegir þættir lestrarnáms.

Fasi 3. Enduruppbygging merkingar.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda, þekking og skilningur innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Verkefni sem unnin eru eftir áætlunum í byrjendalæsinu verða metin jafnóðum.

Formlegar kannanir verða á haust – og vorönn þar sem staða nemenda er könnuð út frá námsmarkmiðum.

Læsispróf verða lögð fyrir þrisvar á skólaárinu. *Fyrsta læsisskimun lögð fyrir vikunna 14.-25. nóv. Önnur læsisskimun lögð fyrir 1.-10. febrúar 2012. Þriðja læsisskimunin lögð fyrir 16. – 20. apríl 2012.*

Lestrarpróf verða a.m.k. þrisvar eða oftár eftir þörfum.

Skrift: sjálfsmat nemanda. Fyrst aðstoðar kennari þau meðan þau þjálfast sig í að meta sig síðan sleppir kennari af þeim hendinni og þau meta sig sjálf.

Ritrún: sjálfsmat nemanda.

Verkefni sem unnin eru eftir áætlunum í byrjendalæsinu verða metin jafnóðum.

Tímabil ½ mán. í senn.	Viðfangsefni /Námsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð/markmið	Mat/samþætting
22. - 26. ág. 22.skólasetning.	Lestur	Áherslan verður sett á að koma lestrinum í gang	
29. ág. - 2. sept.	Lestur Ritrún. Skriftarbókin mín.	Áherslan verður sett á að koma lestrinum í gang. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf með aðstoð kennara.
5. - 9. sept. 8. dagur læsis.	Ritrún. Skriftarbókin mín.	Áherslan verður sett á að koma lestrinum í gang Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf með aðstoð kennara.
12. -23. sept.	Ritrún. Skriftarbókin mín. Fjölskyldubókin. (unnið með hana í ½ mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum	Fjölskyldubókin. Nemendur vinna á fjölbreyttan hátt þar sem viðfangsefnið er fjölskyldan í sýnu víðasta samhengi. Hér verður velt vöngum og ígrundað: Hvað er fjölskylda? Hverjir geta tilheyrt fjölskyldunni? Nemendur velja sér persónu og búa hana til. Að lokum kynna nemendur sína persónu og segja svoltið frá henni. Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf með aðstoð kennara. Lestrarpróf
26. – 30.sept 26. uppbyggd. 30. skipulagsd.	Ritrún. Skriftarbókin mín.		Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf með aðstoð kennara.

			Ljósrituð lesskilningshefti.
3.- 14. okt (3.-7.)Þemadagar	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Latibær á Ólympíuleikum</u> (unnið með hana í ½ mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum	<u>Latibær á Ólympíuleikum</u> Hér kynnst nemendur og læra aðferðina um gagnvirkan lestur og þjálfast í paravinnu, erfiðum orðum, leikrænni tjáningu o.fl. Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf með aðstoð kennara. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti.
17. -28. okt. (24.-25.) haustfrí	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Ljóðið (Barn)</u> (unnið með hana í ½ mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum. haustfrí	<u>Ljóðið (Barn)</u> Nemendur vinna með ljóðið „Barn“ eftir Heiðdísí Norðfjörð. Þarna gefst nemendum tækifæri til að kynnst ljóði og vinna með það á fleiri vegu en að læra það einungis utanbókar. Unnið verður með ljóðið út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti. Heimavinna. Skrifa upp ljóðið um <i>Barn</i> læra það utan af. Áhersla lögð á réttan stafadrátt og vönduð vinnubrögð.
31. okt. - 11. nóv. 7. nóv. Skipulagsd. 8. nóv. Viðtöl.	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Gula sendibréfið.</u> (unnið með hana í ½ mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun samgögn.	<u>Gula sendibréfið.</u> Hér fá nemendur tækifæri til að kynnst ýmsum hlutverkum ritunar (bréf, upplýsingar, tjáning). Einnig verður reynt að festa notkun hástafa í sérnöfnum og upphafi málsgreina og að nemendur æfist í að byrja setningar á mismunandi hátt. Ásamt því að æfa sig í að lýsa persónum og umhverfi (notkun lýsingarorða). Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti Heimavinna Skrifa sendibréf til Gísellu (eða velja sér viðtakanda) með einni ósk. Setja í umslag og merkja henni. Setja svo í póstkassann. Nemendur fá verkefnið á mánudegi og skila inn í síðasta lagi á föstudagsmorgun.
14. - 25. nóv. 16. dagur ísl.tung. 24. bókarlaus.d.	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Langafi drullumallar</u>	<u>Langafi drullumallar</u> Hér kynnst nemendur langafa sem er sennilega ólíkur flestum öðrum langöfum. Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti. Fyrsta læsisskimun lögð fyrir vikunna 14.-25. nóv
28. nóv. - 9. des. 1.fullveldisd. 2.skreytingad.	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Jólin koma</u> (unnið með hana í ½ mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun samgögn.	<u>Jólin koma</u> Hér fá nemendur innsýn í gömul og góð orð og orðatiltæki. Nemendur fá tækifæri til þess að auka orðaforða sinn og vinna með málið á fjölbreyttan hátt. Nemendur læra nöfn allra jólasveinanna og kynnst því hvert var hlutverk hvers og eins í gamla daga. Raðtölur verða kynntar nemendum og unnin verkefni tengdum þeim. Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis.	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Lestrarpróf Upprifjun ásamt könnun í málfræði. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti. Samþætting við stærðfræði (tíminn)

		Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	
12. - 16. des.	Ritrún. Skriftarbókin mín.	Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti.
19. - 20. des. 20. Litlu jólin	Litlu jólin		

3. - 13. jan. Námsmat. 3.skipulagsdagur	Lestur Ritrún. Skriftarbókin mín.	Áherslan verður sett á að koma lestrinum í gang eftir jólafrí. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti
16. - 27. jan. 23.karnival+viðt. 24.viðtöl	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Kuggur á þorablóti</u> (unnið með hana í ½ mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum.	<u>Kuggur á þorablóti</u> Hér kynnast nemendur hinum forna sið íslendinga þorablóti, þorramat, hafa þau sjálf smakkað þorramat, hafa þau heyrt um þorablót? Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti.
23.jan.- 3. feb. 3. dagur.stæ.	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Pétur og krummi</u> (unnið með hana í ½ mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum.	<u>Pétur og krummi</u> Hér fá nemendur tækifæri til að kynnast öðrum fugli krumma/hrafni. Þau fá einnig tækifæri til að kynna sér fuglavefinn inn á nams.is þar sem þau geta fræðst um hrafninn, búa til sína kynningu um hann og kynna fyrir samnemendum sínum. Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Námsmat: Nemendur fylla út matsblað þar sem þeir meta verkefnið og eigin vinnu. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti. <u>Heimavinna</u> Segja frá einhverju sem þau hafa lært um krumma. Fara inn á nams.is og skoða fuglavefinn sem þar er. Kynna sér það sem þar er skrifað um hrafninn. Samþætt við náttúrufræði.
6. - 17. feb. 13.-17. árshátíð.	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Rissa vill ekki fljúga</u> (unnið með hana í ½ mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum. Undirbúa árshátíðar atriði.	<u>Rissa vill ekki fljúga</u> Hér fá nemendur að kynnast Ritunni sem er einkennismáfur fuglabjarga og úthafsins. Vænghaf 95-120 cm. Fjöldi eggja 1-3. Ritan er mikill sjófugl og félagslyndur fugl. Liggur á eggjum í 27 daga. Ritan er farfugl. Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti. <u>Önnur læsisskimun</u> lögð fyrir 1.-10. febrúar 2012. Samþætt við náttúrufræði.

	Árshátíðarvika 13 -17.		
20. feb.- 2. mars 20.bolludagur 21.sprengidagur 22.-24.feb vetrarfrí.	Vetrarfrí Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Öskubuska</u> (unnið með hana í ½ mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum.	<u>Öskubuska</u> Hér kynnst nemendur ævintýrinu um Öskubusku, stjúpu hennar og systur. Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti.
5. - 16. mars	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Komdu og skoðaðu himingeiminn.</u> (unnið með hana í 1 mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum.	<u>Komdu og skoðaðu himingeiminn.</u> Hér kynnst nemendur himingeiminum og fjölbreytileika hans, s.s gangi himintunglanna, árstíðum, tímaröð, sólahring og fl. Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti. Samþætting við myndmennt, náttúrufr/ samfélagsfr, stærðfræði(sjá Sprota 2b.bls 26-37)
19. - 30. mars 30.páskatónleikar	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Komdu og skoðaðu himingeiminn.</u> (unnið með hana í 1 mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum. Undirbúningur páska.	<u>Komdu og skoðaðu himingeiminn.</u> Hér kynnst nemendur himingeiminum og fjölbreytileika hans, s.s gangi himintunglanna, árstíðum, tímaröð, sólahring og fl. Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti. Samþætting við náttúrufr/ samfélagsfr, stærðfræði (tími)
2. - 6. apr. 2. -9.páskafrí.			
9. - 27. apr. 19. sumard.fyrsti. 20.skipulagsd.	Ritrún. Skriftarbókin mín. <u>Geimverur vilja vera í brókum</u> (unnið með hana í ½ mánuð) Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum.	<u>Geimverur vilja vera í brókum</u> Hér fá nemendur tækifæri til að skapa sína eigin sögu þar sem þau nýta hugmyndaflug sitt í gerð sögunnar. Sagan verður unnin sem heimavinna og fá nemendur síðan tækifæri til að kynna geimveru sögu sína í tíma fyrir hinum nemendum. Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis. Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i>	Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf. <u>Þriðja læsisskimunin</u> lögð fyrir 16. – 20. apríl 2012. Námsmat: Kennari og nemendur ræða saman um gang mála í verkefni vikunnar. Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti. Heimavinna (nota Sögubókina mína) Sögubókin mín: Geimveran lendir í ævintýri. (hér á að koma fram persónulýsing á eigin geimveru. Hvað heitir hún? Hvar býr hún? Hvað heitir plánetan hennar? Útlit? Fjölskyldan hennar? Vinir?)

<p>30. apr. - 11. maí</p>	<p>Ritrún. Skriftarbókin mín.</p> <p><u>Lubbi lundi</u> (unnið með hana í ½ mánuð)</p> <p>Sjá nánar kennsluáætlun á samgögnum</p>	<p><u>Lubbi lundi</u> Hér fá nemendur tækifæri til að efla: Orðaforði og orðnotkun: Að nemendur auki orðaforða sinn og tileinki sér notkun orðatiltækja sem koma fyrir í sögunni s.s. rugla þá í ríminu, fara á kreik, villast af leið, breiða út vængi, fatast flug. Lesskilningur og ritun: Að nemendur nota KVL og veinnkort til að efla lesskilning sinn með. Að ákveðnir nemendur þjálfast í vinnubrögðum heimildaöflunar og úrvinnslu m.a. með notkun leitarkorts. Textagerð: Að nemendur læri um ólíkar textagerðir með því að vinna ýmist með bréfaskriftir, fréttatexta, myndasögu eða fræðilegar heimildir. Þekking: Að nemendur verði fróðari um Vestmannaeyjar m.t.t. fuglalífs og hefða s.s. hefðir hjá Eyjapeyjum í tengslum við pýsjurnar og hvaðan lundarnir koma. Að nemendur geti fundið Vestmannaeyjar á korti. Að nemendur læri að lesa af tímaás. Lífsleikni: Að nemendur efli samkennd og vináttu á þeim grundvelli að ólíkir einstaklingar geta verið félagar.</p> <p>Unnið verður út frá hugmyndafræði Byrjendalæsis.</p> <p>Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i></p>	<p>Ritrún: sjálfsmat nemanda Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf.</p> <p>Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti.</p> <p>Námsmat: Sjálfsmat – jafningjamat í hópavinnu - Allt sem hver nemandi vann er sett saman í vinnubók/möppu sem kennari metur í lokin. Verkefni frá vinnu með lykilorð, stöðvavinnu, KVL kortið, hópavinnunni og sjálfsmatinu.</p> <p>Samþætt við náttúrufræði.</p>
<p>14. - 25. maí. 17. uppstignd. 2. dagar vettvangsf. Námsmat. 25. skipulagsd.</p>	<p>Ritrún. Skriftarbókin mín.</p> <p><u>Bókakistan</u></p>	<p><u>Bókakistan</u> Hér læra nemendur að vinna og fara eftir fyrir mælaspjöldum og vinna sjálfstætt.</p> <p>Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i></p>	<p>Ritrún: sjálfsmat nemanda Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf.</p> <p>Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti.</p> <p>Lestrarpróf – annað mat.</p>
<p>28. maí - 1. júní 28. annar í hvítas.</p>	<p>Ritrún. Skriftarbókin mín. Lestur</p>	<p>Markmið í Íslensku eru í samræmi við <i>Aðalnámskrá grunnskóla.</i></p>	<p>Ritrún: sjálfsmat nemanda. Skriftarbókin mín: sjálfsmat nemanda fyrir hvern staf.</p> <p>Ljósrituð málfræðihefti. Ljósrituð lesskilningshefti.</p>